

Umdæmissjórnarfundur Kiwanis haldinn í Kópavogi 16. Apríl 2011.

Skýrsla svæðisstjóra Þórsvæðis.

Svæðisstjórn Þórsvæðis hafa skipað, þar starfsár sem nú er að líða, auk undirritaðs þeir Hörður Mar, kjörsvæðisstjóri og Jón Eiríksson, fráfaramandi svæðisstjóri sem jafnframt hefur gengt starfi ritara svæðisstjórnar. Til stóð að Kiwanisklúbburinn Esja tilnefndi fulltrúa í svæðisstjórn og sá yrði síðan kjörsvæðisstjóri næsta starfsár, í samræmi við þær venjur sem tíðkast hafa innan svæðisins.

Vegna skipulagsbreytinga var fyrirjáanlegt að ekki mundi koma til þess skipa þyrfti nýjan kjörsvæðisstjóra Þórsvæðis á komandi hausti og af þeim sökum var ekki gengið hart eftir því að Esja skipaði mann í stjórn svæðisins og stjórnin því verið skipuð eins og að framan er lýst.

Á dagskrá svæðisins fyrir þetta starfsár voru 2 svæðisráðstefnur og var sú fyrri haldin í Reykjavík þann 6. Nóvember 2011, eins og rakið var í skýrslu til svæðisstjórnar í janúar sl. Á þeirri ráðstefnu var ákveðið að sækjast eftir því við stjórn Eddusvæðis að svæðin hefðu sameiginlega vorráðstefnu þar sem auk hefðbundinnar dagskrár á svæðisráðstefnum, yrði fjallað um og undirbúning stofnunar nýs svæðis fyrir klúbba af Þórs- og Eddusvæði.

Þetta gekk eftir og var sameiginleg ráðstefna Þórsvæðis og Eddusvæðis haldin í félagsheimili Geysi í Mosfellsbæ þann 26. mars sl. Alls mættu á fundinn nær 40 manns og var full mæting fulltrúa klúbba af Þórsvæði utan hvað ekki var neinn fulltrúi mættur frá Færeyjum, frekar en oft áður. Þaðan bárust ekki heldur neinar skýrslur en aðrir klúbbar skiluðu greinargóðum skýrslum, sem báru vitni um ágætt starf í klúbbunum.

Á þessum fundi var valið nafn á hið nýja svæði. Tillaga Snjólfes Fanndal að nafni fyrir hið nýja svæði var "Freyjusvæði". Kosið var á milli þeirrar tillögu og breytingatillögu sem fram kom á fundinum um að svæðið yrði kallað Þórsvæði. Breytingatillagan var felld með 10 atkvæðum gegn 7 og síðan var samþykkt Freyjunafnið með aðeins tveimur mótatkvæðum.

Svæðisstjóri hefur heimsótt alla klúbba á svæðinu tvisvar á starfsárinu, utan Færeyjaklúbbana og Geysi, sem hafa aðeins verið heimsóttir einu sinni, enn sem komið er.

Skýrsluskil klúbba hafa verið með ágætum með þeim undantekningum þó að Eysturöy hefur engum skýrslum skilað og eina skýrslu vantar frá Rósan og tvær frá Tórshavn. Eins og fram kemur í samantekt umdæmisritara þá er starfið í klúbbunum með ágætum. Meðalfjáröflun á hvern féлага er yfir 45 þús krónur, félagar hafa lagt fram að meðaltali 19 vinnustundir hver og úthlutanir eru yfir 22 þúsund krónur á hvern féлага.

Reykjavík 15. Apríl 2011

Ingólfur Friðgeirsson

Svæðisstjóri Þórsvæðis